

GOK
H.K.
S.B.
S.G.



Fundargerð

6. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga, kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 8. desember 2022, kl. 14:30.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Gestur Kristjánsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður héraðsnefndar. Sandra Sigurðardóttir var fjarverandi og hennar varamaður hafði ekki tók á að sitja fundinn. Þá sátu fundinn Jón Bjarnason og Brynhildur Jónsdóttir úr stjórn Héraðsskjalasafns Árneseinga.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneseinga

Þorsteinn Tryggvi Mátsson safnstjóri Héraðsskjalasafns Árneseinga sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Á haustfundi Héraðsnefndar sem haldinn var á Sólheimum 11. okt 2022 var eftirfarandi bókað:

Lagt er til að Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árneseinga og stjórn Héraðsskjalasafns Árneseinga vinni áfram að lausn á framtíðarhúsnæði fyrir héraðsskjalasafnið. Stjórnirnar skoði tilboð Hafnarskeiðs ehf og aðra nýja möguleika sem gætu komið fram í þeirri vinnu. Reynt verði að hraða vinnunni eins og kostur er svo niðurstaða geti fengist í

húsnæðismál héraðsskjalasafnsins. Stefnt verði að aukafundi í janúar 2023 eða fyrr sé þess kostur.

Samþykkt með meirihluta atkvæða tveir fulltrúar eru á móti, einn fulltrúi situr hjá.

Helgi Gunnlaugsson og Þorlákur Einarsson frá Hafnarskeiði ehf komu inná fundinn og kynntu hugmyndir að útfærslu Héraðsskjalasafnsins að Hafnarskeiði 6 í Þorlákshöfn. Fór þeir yfir útlitsteikningar og hugmyndir að innra skipulagi. Helgi og Þorlákur svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Ingimar Baldvinsson frá IB ehf kom inná fundinn og kynnti sínar hugmyndir að húsnæði fyrir Héraðsskjalasafnið að Hellismýri 8 á Selfossi. Ingimar fór yfir skipulag hússins og sýndi útlitsteikningar. Ingimar svaraði fyrirspurnum fundarmann.

Umræða var um þá valkosti sem kynntir voru.

Þorsteinn Tryggvi Másson yfirgaf fundinn.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar og stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga samþykkja samhljóða að kynna báða þessa valkosti og taka ákvörðun á aukafundi Héraðsnefndar í janúar 2023.

3. Aukafundur Héraðsnefndar Árnesinga.

Fundurinn samþykkir að haldinn verði aukafundur í Héraðsnefnd 10. janúar.

Fundi slitið kl. 16:15

Helgi Kjartansson, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Gawfar Björnsson

[Signature]

Kaþólinn Þorsteinsson

Andri W. Gunnarsson

Reykulundur Jónsdóttir
Þósti Þjórs Guðsson